


Deiliskipulag - samþ. 21.06.07 - unnið af Benedikt Björnssyni arkitekt




Breytt deiliskipulag - mkv. 1:2000

## Skýringar:

- Skipulagsmörk
- 25 m hæðarlínur
- 5 m hæðarlínur
- Byggingarreitir
- ® Rotþró
- Umferðarsvæði
- Lóðir fyrir frístunda-/íbúðarhús
- Núverandi byggingar

## Greinargerð með gildandi skipulagi

### Aðfararorð um skipulagssvæðið.

Um er að ræða breytingu á texta er varða svæði sem skilgreind eru svæði A, B og C í landi Hróarsstaða í Þingeyjarsveit.
Svæði A nefnist Merkjagróf, svæði B; Hafrárgil og svæði C; Hróarstunga
Svæðin eru ætluð fyrir 13 lóðir ýmist fyrir íbúðarhús eða frístundahús.
Aðkoma að svæðunum er frá þjóðvegi nr. 833.
Svæðin hafa alfarið verið friðuð búfénaði frá 1993.

### 1. Almennt um skipulagssvæðið.

Svæði A, B og C í landi Hróarsstaða eru samtals um 7,0 ha að stærð.
Stærðir lóðanna eru frá 2600 til 7500 fermetrar.
Halli er nokkur á svæði A og B sem skapar aðstæður fyrir kjallara eða rýmisnotkun undir aðalgólfi. Aðstæður eru yfirleitt góðar fyrir byggingar á öllum svæðunum og stutt á malarfyllingu.

### 2. Samgöngur.

Svæðin tengist Illugastaðavegi nr. 833, sem síðan tengist Norðurlands-vegi við Fnjóskárbrú (Hringvegur nr. 1).
Þrjár vegtengingar eru frá Illugastaðavegi inn á hvert svæði fyrir sig.

### 3. Gönguleiðir.

Eiginlegar gönguleiðir eru ekki á svæðunum, en akvegir nýtast einnig sem gönguleiðir.

### 4. Mannvirki sem fyrir eru.

Þrjú frístundahús hafa verið byggt, eitt á voru svæði; -A, B og C. Lóðir merktar B.

### 5. Fyrirhugaðar framkvæmdir.

Gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúðar- og frístundahúsa.

### 6. Byggingarskilmálar.

Húsin verði byggt úr timbri og geti verið allt að 250 fm,
bílgeymsla geti verið sjálfstæð eining; allt að 25-45 fm.
Heimilt verði að steypa kjallara undir húsin og þar sé möguleiki á að hafa bíla-/tækjageymslu.
Þakhalli verði 25-45° og hámarkshæð frá gólfi verði eigi meiri en 5,4 m, mælt frá gólfi aðalhæðar.
Litaval verði í sem bestu samræmi við umhverfið, þ.e. ídekktur timburlitur. Þak verði nokkru dekkra en útveggir. Húsin verði innan byggingarreits og og mænisstefna í samræmi við teikningu og miðist við önnur hús á svæðinu.
Mænisstefna, eins og hún er sýnd á teikningu, má vera 90° á þá stefnu.

### 7. Önnur atriði.

Eignarhald: Lóðir eru í eigu landeigenda, húseigendur gera lóðarleigusamning við hann.
Vatn: Vatnsveita verði sameiginleg fyrir svæðið.
Rotþró: Sameiginlegar rotþrær veri fyrir svæði A, B og C.
Rafmagn: Eigendur þurfa að kosta tengingu við rafmagn.
Sorphirða: Sveitarfélagið sér um að tæma sorpgáma. Notendur komi sorpi í gám.
Heitt vatn: Hitaveituvatn mun verða í boði fyrir húseigendur á svæðinu sem þeir þurfa að kosta tengingu við.
Háspennulínur, sem voru loftlínur, eru komnar í jörð.

## Breyting

Breytingin nær fyrst og fremst til svæðis merkt “Sv. B Hafragil” (Bjarkarsel), en einnig eru lóðir á svæðum A Merkjagróf og C Hróarstunga mældar inn.

Svæði B Hafragil og svæði C Hróarstunga eru í raun ein spilda sem þjóðvegur nr. 833 liggur í gegnum og leigð er einni fjölskyldu til 99 ára sbr. samning dags. 15.07.1973 og óheimilt er að framleigja einstakar lóðir eða spildur í heild, né ráðstafa þeim með öðrum hætti en milli afkomenda hennar.

1. Lóð nr. 3 verði skipt í tvær lóðir þ.e. í nr. 3a og 3b og lóðamörkum við lóð nr. 2 verði lítillega breytt þ.e. norðaustur horn þeirrar lóðar fært til suðurs.

2. Á lóð sem merkt er nr. 0 í gildandi skipulagi er settur inn byggingarreitur og lóðanúmeri breytt í nr. 1a. Lóðamörk milli lóða nr. 1a og 1b áður lóð nr. 1 eru færð örlítið til suðurs.

3. Merking á lóð nr. 1 er breytt í lóð nr. 1b.

4. Öll lóðamörk mæld inn og staðfærð miðað við framkvæmdir á svæðinu og stærðir lóða leiðréttar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem hefur fengið meðferð skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.sbr. var samþykkt í sveitar-stjórn Þingeyjarsveitar þann. 27.01.2011

Sveitarstjóri

Gildistakan var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 10.03.2011 nr. 230/2011

**Hróarsstaðir Þingeyjarsveit - frístunda- og íbúðarbyggð**

teikn: Deiliskipulag, breyting | mkv: 1:2000 í A2 | teiknað af: ghg

verknr: 09-106 | dags: 01.12.09 | br: 19.08.10 | br: 16.12.10 | teikn-nr: 1


guðbjörg guðmundsdóttir
landslagsarkitekt fíla
guðmundur h gunnarsson
ráðgjafi

BÚGARÐUR
Ráðgjafaþjónusta á Norðausturlandi
Óseyri 2, 603 Akureyri, s:460 4477. netf: bugardur@bugardur.is